

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	3.11.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Dögg Steinsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Friðgeir Björnsson	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt frávik í útblástursmælingum frá skautsmiðju en brugðist hefur verið við því og bætt úr frávikinu. Þá var gerð athugasemd við reykmengun frá steypuskála en mælingar voru fyrirhugaðar í 2. viku nóvember og niðurstöður liggja ekki fyrir.

Umhverfisstofnun óskar eftir niðurstöðum útblástursmælinga þegar þær liggja fyrir ásamt uppfærslu á áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, áhættumati og viðbragðsáætlun vegna umhverfisóhappa og áætlun um löndun súrals. Þá er Umhverfisvöktunaráætlun einnig í endurskoðun.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsemi í steypuskála – helstu ryk uppsprettur ofl.
- Staða á áætlunum – samþykkt og endurbætur
 - Mæliáætlun
 - Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar
 - Viðbragðsáætlun vegna umhverfisóhappa
 - Áætlun um löndun súrals.
- Staða framkvæmda í skautsmiðju
- Staða framkvæmda við að auka afsog í kerlínu 1
- Mælingar frá deigluverkstæði
- Staða endurskoðunar á umhverfisvöktunaráætlun
- Skoðunarferð

1. Byrjað var á að ræða starfsemina í steypuskála og ryk uppsprettur þar. Í kjölfarið á ábendingum um reykmengun frá steypuskála í sumar fór Norðurál í endurskoðun á áhættugreiningu á ryk uppsprettum í steypuskála og endurmati á verkferlum er varða, skráningar, vöktun, eftirliti ofl. í kjölfarið. Mælingar frá ofnum í steypuskála voru fyrirhugaðar í 2. viku nóvember en niðurstöður úr þeim liggja ekki fyrir.

2. Uppfærð mæliáætlun var send Umhverfisstofnun 20. maí sl. og er samþykkt af hálfu Umhverfisstofnunar. Í síðasta eftirliti var eftirlitsaðila sýnd drög að öðrum áætlunum sem gerð er krafa um í starfsleyfi þ.e. áætlun um rekstrarstöðvun (tímabundna og varanlega), áhættumat og viðbragðsáætlun vegna umhverfisóhappa og áætlun um löndun súrals. Óskað var eftir uppfærslu þessara áætlana og að þær yrðu sendar til Umhverfisstofnunar. Þá var gerð athugasemd við að árslosunarmörk losunar og ristíðni séu ekki birtar á ársfjórðungsskýrslum.

3. Þá var rætt um stöðu framkvæmda í skautsmiðju þar sem breytingar á flutningsböndum hafa staðið yfir og nýr afsogsbúnaður var tekinn í gagnið. Mælingar voru gerðar í september sem sýndu há gildi frá hreinsivirki fyrir svarta ryk (kolaryk) sem rekstraraðili telur stafa af vanstillingu í skotbúnaði hreinsivirkisins. Ráðist var í endurbætur og nýjar mælingar stóðu yfir sama dag og eftirlitið fór fram. Umhverfisstofnun óskar eftir skýrslum um framangreindar mælingar þegar þær liggja fyrir.

4. Framkvæmdir við að breyta afsogi frá kerlínu 1 er að hluta til lokið með innsetningu á

stjórnuformuðum síupokum og breytingu á stýringu reykhreinsivirkisins. Miðað er við að áður en framleiðslan fari yfir 320 þúsund tonn á ári verði búið að koma á tvöföldu afsogi í kerskálunum líkt og er í öðrum kerskálum álversins. Umhverfisstofnun óskar eftir tímaplani áður en til framkvæmda kemur um fyrirkomulag framkvæmdanna og möguleg áhrif á losun á meðan á þeim stendur.

5. Búið er að framkvæma mælingar frá deigluverkstæði sem fjallað var um í síðasta eftirliti en niðurstöður liggja ekki fyrir. Umhverfisstofnun óskar eftir niðurstöðum mælinganna þegar þær berast.

6. Umhverfisvöktunaráætlun er í endurskoðun. Í vor var fundað með rekstraraðilum sem koma að umhverfisvöktuninni og þeim kynnt helstu endurbætur sem Umhverfisstofnun gerir kröfu um að verði endurskoðaðar. Í sumar barst Umhverfisstofnun áfangaskýrsla um veikindi hrossa að Kúludalsá og óskaði stofnunin í kjölfarið eftir álit Matvælastofnunar (MAST) á skýrslunni og vöktun grasbíta og fóðurs í nágildandi vöktunaráætlun. Rætt var um álit MAST og þau atriði sem standa enn útaf í endurskoðuninni. Umhverfisstofnun mun auglýsa áætlunina og óska eftir athugasemdum við tillöguna að umhverfisvöktunaráætluninni.

7. Í skoðunarferðinni var gengið um steypuskála, kerskála og skautsmiðju og farið yfir mengunarvarnarbúnað. Fylgst var með skautskiptum í kerskála en þar myndast reyktoppur sem er lágmarkaður með því að auka afsog á kerunum. Snyrtilegt var um að lítast og ekki tilefni til athugasemda í skoðunarferðinni.

Frávik frá

Grein 3.5 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Í eftirlitinu kom fram að sýnatökuaðili hefði upplýst um að vísbendingar væru um að ryk í útblæstri frá hreinsivirki svarta ryksins (kolaryksins) mældist yfir losunarmörkum. Skýrsla með niðurstöðum mælinganna liggur ekki fyrir en ráðist var í endurbætur og mælingar endurteknar sama dag og eftirlitið fór fram. Niðurstöður þeirra mælinga liggja ekki fyrir

ATHUGASEMDIR

Í sumar bárust ábendingar til Umhverfisstofnunar um reykmenngun með myndum sem sýndu það koma frá steypuskála. Sama dag og eftirlitið fór fram bárust Umhverfisstofnun einnig ábending um reyk frá verksmiðjunni. Reykurinn kom frá steypuskála en útblástursmælingar voru fyrirhugaðar í 2. viku nóvember.

ANNAÐ

Norðurál, Elkem og Faxaflóahafnir vinna að undirbúningi breytinga á fyrirkomulagi núverandi flæðigryfja þ.e. stækkun urðunarsvæðis Norðuráls og Elkem innan gryfjunnar. Tillagan var kynnt Hvalfjarðarsveit í 2. viku nóvember.

Rætt var um rekstur kerskála en Umhverfisstofnun barst tilkynning frá rekstraraðila 17. október sl. um útslátt á kerlínu 1 í u.þ.b. 1,5 klst þegar tveir spennar slógu út á sama tíma. Senda þurfti annan spenninn erlendis til viðgerðar og á meðan er keyrt á einum spennni sem annar afsoginu en varaafli fengið frá kerlínu 2 ef á þarf að halda. Rætt var um mikilvægi þess að fylgst yrði vel með raforkukerfinu þar til spennirinn kemur aftur úr viðgerð.

Í sumar varð óstöðugleiki í kerskálarekstri vegna galla í skautum. Af þeim sökum þurfti að lækka straum tímabundið og losunin fór hæst upp í 0,48 kg F/tonn ál í júlí. Vel hefur gengið að ná jafnvægi að nýju og er unnið að því að hækka strauminn jafnt og þétt. Vegna ójafnvægisins í kerunum þurfti að skimma meira af kolfræuði úr kerjunum en vanalega og var það urðað í flæðigryfjunni. Að öðru leiti hefur rekstur hreinsivirkja gengið vel frá síðasta eftirliti og ekki hefur komið til þess að skerða hafi þurft afsog niður fyrir 80% á meðan kerskálinn er í rekstri.

Þá hefur rekstraraðili óskað eftir fresti til að skila niðurstöðum PAH mælinga til 15. desember en þær liggja ekki fyrir að svo stöddu.

Reykjavík, 22.12.2016

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Halla Einarsdóttir